

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík, 16. febrúar 2004
2004020009/42-4
SB/hj

Endurnýjun á leyfi til að veiða kanínur í Heimaey

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi frá Vestmannaeyjabæ um áframhaldandi heimild til að veiða kanínur á Heimaey, en bæjarfélagið hefur fengið slík leyfi undanfarin tvö ár.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum voru veiddar 156 kanínur í Heimaey árið 2002 og 455 árið 2003. Flest dýranna voru drepinn í Sæfjalli. Fram kemur í erindi Vestmannaeyjabæjar að erfitt hafi reynst að takmarka fjölda kanína á ákveðnum svæðum í Heimaey. Um þrisvar sinnum fleiri dýr voru veidd árið 2003 en árið áður og þrátt fyrir það hefur reynst erfitt að halda fjölda kanína niðri.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með áframhaldandi veiðum á kaninum á Heimaey enda hefur stofnunin áður lýst þeirri skoðun að stefna beri að því að útrýma kaninum úr íslenskri náttúru áður en þær verða stærra vandamál (sbr. bréf til ráðuneytisins dags. 16. apríl 2003). Í ljósi reynslu undangenginna ára þarf þó að endurskoða þær aðferðir sem beitt er við kanínuveiðar á Heimaey.

Unnið er að breytingum á villidýralögum sem auðvelda munu aðgerðir til að takmarka stofna aðskotadýra á borð við kanínur. Að þeim lögum samþykktum er lagt til að veiðar á kaninum verði endurskoðaðar á landsvísu og að m.a. verði sett á fót tilraunaverkefni á Heimaey sem hafi það að markmiði að útrýma kaninum. Náttúrufræðistofnun Íslands telur eðlilegt að ríkisvaldið hlaupi undir bagga með sveitarfélögum við slík verkefni með því t.d. að kortleggja útbreiðslu kanína, meta stofnstærð þeirra og veita sérfræðiráðgjöf um hvernig standa beri að eyðingu þeirra.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS